

AUGLÝSING

um samning um gagnkvæma viðurkenningu milli Bandaríkjanna og EFTA-ríkjanna innan EES.

Hinn 30. desember 2005 var norska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna samnings um gagnkvæma viðurkenningu milli Bandaríkja Norður-Ameríku og EFTA-ríkjanna innan EES sem gerður var í Washington 17. október 2005. Samningurinn öðlaðist gildi 1. mars 2006.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 6. mars 2006.

Geir H. Haarde.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM GAGNKVÆMA VIÐURKENNINGU MILLI BANDARÍKJA NORÐUR-AMERÍKU OG EFTA-RÍKJANNA INNAN EES

Bandaríki Norður-Ameríku annars vegar og lýðveldið Ísland, furstadæmið Liechtenstein og konungsríkið Noregur hins vegar,

HAGA Í HUGA að Bandaríki Norður-Ameríku (Bandaríkin) og EFTA-ríkin innan EES hafa um langan aldur verið tengd vináttuböndum,

ÓSKA ÞESS að greiða fyrir tvíhliða viðskiptum sín á milli,

VIÐURKENNA að gagnkvæm viðurkenning starfsemi á sviði samræmismats er mikilvæg leið til þess að auka aðgang Bandaríkjanna og EFTA-ríkjanna innan EES að mörkuðum hvors um sig,

VIÐURKENNA að samningur, þar sem kveðið er á um gagnkvæma viðurkenningu starfsemi á sviði samræmismats, er einkum til hagsbóta fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í Bandaríkjunum og EFTA-ríkjunum innan EES,

VIÐURKENNA að forsenda fyrrnefndrar gagnkvæmrar viðurkenningar er tiltrú á áframhaldandi trúverðugleika samræmismats af hálfu Bandaríkjanna og EFTA-ríkjanna innan EES,

VIÐURKENNA mikilvægi þess að viðhalda góðu heilsufari, nægilegu öryggi og öruggri umhverfis- og neytendavernd í Bandaríkjunum og EFTA-ríkjunum innan EES,

VIÐURKENNA að samningar um gagnkvæma viðurkenningu geta haft jákvæð áhrif í þá veru að stuðla að enn frekari samræmingu staðla á alþjóðavettvangi,

VIÐURKENNA að samningurinn um gagnkvæma viðurkenningu milli Bandaríkjanna og Evrópubandalagsins eykur, ásamt nánnum tengslum milli Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna innan EES með samningnum um hið evrópska efnahagssvæði, þann ávinning sem hlýst af hliðstæðum samningi um gagnkvæma viðurkenningu milli Bandaríkjanna og EFTA-ríkjanna innan EES,

VEKJA ATHYGLI Á að samningi þessum er ekki ætlað að koma í staðinn fyrir tví- og fjölhliða samninga milli samræmismatsstofa innan einkageirans eða að hafa áhrif á reglakerfi sem gera ráð fyrir sjálfsmati framleiðenda og samræmisfyrirlysingum þeirra,

HAGA Í HUGA að samkvæmt samningnum um tæknilegar viðskiptahindranir, sem fylgir samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, eru aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni hvattir til þess að hefja viðræður um gerð samninga um gagnkvæma viðurkenningu niðurstaðna samræmismats hvers um sig,

VIÐURKENNA að nauðsynlegt er að í hverri slíkri viðurkenningu felist trygging fyrir samræmi við gildandi tæknireglugerðir eða -staðla sem jafngildir tryggingu sem eigið samræmisat viðkomandi samningsaðila veitir,

VIÐURKENNA nauðsyn þess að gera samning um gagnkvæma viðurkenningu á sviði samræmismats með sviðstengdum viðaukum, og

Hafa í HUGA skuldbindingar hvers sammingsaðila um sig samkvæmt tvíhliða, svæðisbundnum og fjölhliða samningum um umhverfis-, heilsu-, öryggis- og neytendavernd, og hafa orðið ásaðtt um eftirfarandi:

1. gr.

Skilgreiningar.

1. Eftirfarandi hugtök og skilgreiningar gilda einvörðungu hvað samning þennan varðar:
 - „Sammingsaðili“ merkir, eftir atvikum, Bandaríkin, Lýðveldið Ísland, furstadæmið Liechtenstein eða konungsríkið Noreg.
 - „EFTA-ríkin innan EES“ merkir: þau aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu sem eiga aðild að samningnum um hið evrópska efnahagssvæði (EES), þ.e. Lýðveldið Ísland, furstadæmið Liechtenstein og konungsríkið Noreg.
 - „Viðsemjandi“ merkir, eftir atvikum, Bandaríkin eða EFTA-ríkin innan EES.
 - „Tilnefningaryfirvald“ merkir stofnun sem hefur vald til þess að tilnefna samræmismatsstofu, hafa eftirlit með henni eða nema úr gildi tímabundið eða afturkalla tilnefningu hennar eins og kveðið er á um í samningi þessum.
 - „Tilnefning“ merkir sanngreiningu samræmismatsstofu af hálfu tilnefningaryfirvalds sem veitir henni jafnframt heimild til að framkvæma samræmismat samkvæmt samningi þessum.
 - „Stjórnsýslustofnun“ merkir stjórnarstofnun eða aðra stofnun sem fer með heimild til þess að stýra notkun eða sölu vara í lögsögu sammingsaðila og hefur heimild til þess að grípa til aðgerða til að tryggja að vörur, sem eru markaðssettar í lögsögu hans, uppfylli ákvæði laga.
2. Í samningi þessum skal merking annarra hugtaka á sviði samræmismats vera sú sem þeim er gefin annars staðar í samningi þessum eða í skilgreiningum í 2. leiðbeiningariti (útgáfu frá 1996) Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO) og Alþjóðaraftækninefndarinnar (IEC). Komi fram ósamræmi milli 2. leiðbeiningarits ISO/IEC og skilgreininga í samningi þessum skulu skilgreiningarnar í samningnum gilda.

2. gr.

Markmiðið með samningnum.

Í samningi þessum er kveðið á um með hvaða skilyrðum Bandaríkin annars vegar og EFTA-ríkin innan EES hins vegar munu samþykkja eða viðurkenna niðurstöður samræmismats sem samræmismatsstofur eða -yfirvöld hins viðsemjandans leggja fram þegar mat fer fram á því hvort kröfum sammingsaðila, sem er innflytjandi, sé fullnægt, eins og tekið er fram fyrir hvert svið um sig í sviðstengdu viðaukunum, og jafnframt er kveðið á um önnur skyld samstarfsverkefni. Markmiðið með slíkri gagnkvæmri viðurkenningu er að koma á virkum aðgangi Bandaríkjanna og EFTA-ríkjanna innan EES að mörkuðum hvors um sig, að því er samræmismat varðar, fyrir allar vörur sem fjallað er um í samningi þessum. Efna skal til samráðs án tafar teppist slíkur aðgangur. Leiði samráð ekki til viðunandi niðurstöðu getur viðsemjandinn, sem heldur því fram að honum hafi verið synjað um markaðsaðgang, nýtt rétt sinn til þess að segja samningnum upp í heild eða hvaða einstökum sviðstengdum viðauka sem er.

3. gr.

Almennar skuldbindingar.

1. Bandaríkin skulu, eins og tekið er fram í sviðstengdu viðaukunum, samþykkja eða viðurkenna niðurstöður sem tilteknar aðferðir, sem er beitt í því skyni að meta hvort um samræmi sé að ræða við tiltekin bandarísk laga- og stjórnsýslufyrirmæli, leiða í ljós og tilnefndar samræmismatsstofur og/eða -yfirvöld í EFTA-ríkjunum innan EES leggja fram.
2. EFTA-ríkin innan EES skulu, eins og tekið er fram í sviðstengdu viðaukunum, samþykkja eða viðurkenna niðurstöður sem tilteknar aðferðir, sem er beitt í því skyni að meta hvort um samræmi sé að ræða við tiltekin laga-, reglugerða- og stjórnsýslufyrirmæli EFTA-ríkjanna innan EES, leiða í ljós og tilnefndar samræmismatsstofur og/eða -yfirvöld í Bandaríkjunum leggja fram.

3. Ef sviðstengt aðlögunarfyrirkomulag hefur verið tiltekið í sviðstengdum viðaukum munu skuldbindingarnar, er um getur hér að framan, gilda eftir að fyrrnefnt sviðstengt aðlögunarfyrirkomulag er farsælega á enda. Skal og sá skilningur ríkja að þær samræmismatsaðferðir sem eru notaðar geri að verkum, að mati þess samningsaðila sem er innflytjandi, að samræmi við laga-, reglugerða- og stjórnáslufyrirmæli þess samningsaðila sé tryggt og jafngildi það þeirri tryggingu sem aðferðir samningsaðilans, sem er innflytjandi, gefa.

4. gr.

Almennt gildissvið samningsins.

1. Samningur þessi gildir um aðferðir við samræmismat vara og/eða aðferða og um önnur skyld samstarfsverkefni eins og lýst er í samningi þessum.
2. Sviðstengdir viðaukar geta innihaldið:
 - a) lýsingu viðeigandi laga- og stjórnáslufyrirmæla sem gilda um samræmismatsaðferðirnar og tæknireglugerðir;
 - b) yfirlýsingu um umfang og gildissvið með tilliti til vara;
 - c) skrá um tilnefningaryfirvöld;
 - d) skrá um samþykktar samræmismatsstofur eða -yfirvöld eða upplýsingar um hvar sé unnt að nálgast skrá um slíkar stofur eða yfirvöld og yfirlýsingu um gildissvið þeirra samræmismatsaðferða sem hver slík stofa eða yfirvald hefur hlotið samþykki til að beita;
 - e) aðferðir við að tilnefna samræmismatsstofur og viðmiðanir í því sambandi;
 - f) lýsingu á skyldum er lúta að gagnkvæmri viðurkenningu;
 - g) sviðstengt aðlögunarfyrirkomulag;
 - h) upplýsingar um sviðstengdan tengilið á landsvæði hvers samningsaðila um sig; og
 - i) yfirlýsingu um stofnun sameiginlegrar sviðstengdrar nefndar.
3. Eigi skal líta svo á að í samningi þessum felist gagnkvæmt samþykki staðla eða tæknireglugerða samningsaðilanna og í honum felst ekki gagnkvæm viðurkenning á jafngildi staðla eða tæknireglugerða, nema annað sé tekið fram í sviðstengdum viðauka.

5. gr.

Aðlögunarfyrirkomulag.

Hver samningsaðili skal standa við skuldbindingar á aðlögunartímabilinu, sem lúta að því að vekja tiltrú, eins og tekið er fram í sviðstengdu viðaukunum.

1. Tilgreina ber frest til að ljúka hverju sviðstengdu aðlögunarfyrirkomulagi.
2. Samningsaðilarnir geta breytt hverju aðlögunarfyrirkomulagi með gagnkvæmu samkomulagi í formi ákvörðunar sameiginlegu nefndarinnar.
3. Umskipti frá aðlögunaráfanga til endanlegrar starfsemi skulu fara fram með þeim hætti sem tekið er fram í hverjum sviðstengdum viðauka, nema annar hvor viðsemjenda sanni með framlögðum skjölum er sýni að skilyrði fyrir árangursríkum umskiptum, sem mælt er fyrir um í slíkum sviðstengdum viðauka, séu óuppfyllt.

6. gr.

Tilnefningaryfirvöld.

Hver samningsaðili um sig skal tryggja að tilnefningaryfirvöld, sem eru tilgreind í sviðstengdu viðaukunum, hafi umboð til og séu til þess bær, hver á sínu landsvæði, að hrinda í framkvæmd ákvörðunum samkvæmt samningi þessum um að tilnefna samræmismatsstofur, hafa eftirlit með þeim, nema tilnefningu þeirra tímabundið úr gildi, aflétta slíkri ógildingu eða afturkalla tilnefningu þeirra.

7. gr.

Tilnefning og skráning.

Eftirfarandi verklagsreglur gilda er tilnefna á samræmismatsstofur og færa í skrá um samræmismatsstofur í sviðstengdum viðauka:

- a) Tilnefningaryfirvaldið, sem er tilgreint í sviðstengdum viðauka, skal tilnefna samræmismatsstofur í samræmi við þær verklagsreglur og viðmiðanir sem settar eru fram í þeim sama viðauka;

- b) samningsaðili, sem gerir tillögu um að samræmismatsstofu verði bætt við skrána um slíkar stofur í sviðstengdum viðauka, skal senda hinum viðsemjandanum skriflega tillögu sína um eina tilnefnda samræmismatsstofu eða fleiri í því skyni að fá fram ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar;
- c) hinn viðsemjandinn skal, innan 60 daga frá því að tillögunni var veitt viðtaka, láta afstöðu sína í ljós varðandi samþykki sitt eða andstöðu sína. Fella ber þá samræmismatsstofu eða -stofur sem tillaga er gerð um inn í sviðstengda viðaukann að fram kominni staðfestingu í formi ákvörðunar sameiginlegu nefndarinnar;
- d) véfengi hinn viðsemjandinn, á grundvelli skjalfestra sannanna, tæknilega hæfni samræmismatsstofu, sem tillaga er gerð um, eða það að hún fullnægi settum kröfum eða gefi skriflega til kynna að hann þurfi 30 daga til viðbótar til þess að ganga úr skugga um sannleiksgildi slíkra gagna skal eigi færa slíka samræmismatsstofu í skrána um samræmismatsstofur í viðeigandi sviðstengdum viðauka. Sameiginlega nefndin getur í slíku tilfelli ákveðið að ganga úr skugga um færni og hæfi hlutaðeigandi stofu. Heimilt er að senda hinum viðsemjandanum á ný tillöguna um að skrá samræmismatsstofuna í sviðstengda viðaukann að aflokinni slíkri sannpröfun.

8. gr.

Tilnefning skráðra samræmismatsstofa numin tímabundið úr gildi.

Eftirfarandi verklagsreglur gilda þegar tilnefning samræmismatsstofu, sem er skráð í sviðstengdum viðauka, er numin tímabundið úr gildi:

- a) Viðsemjandi skal tilkynna hinum viðsemjandanum að hann véfengi tæknilega hæfni samræmismatsstofu, sem er skráð í sviðstengdum viðauka, eða það að hún fullnægi settum kröfum og um að hann hyggist nema tilnefningu slíkrar samræmismatsstofu tímabundið úr gildi. Ef slík véfenging er réttlætanleg skal leggja hana fyrir hinn viðsemjandann skriflega og á hlutlægan og rökstuddan hátt;
- b) hinn viðsemjandinn skal gera samræmismatsstofunni viðvart í tæka tíð og gefa henni færni á að leggja fram gögn í því skyni að hrekja véfenginguna eða laga annmarka sem eru forsenda hennar;
- c) samningsaðilarnir skulu ræða hverja slíka véfengingu í þeirri sameiginlegu sviðstengdu nefnd er málið varðar. Ef ekki er um sameiginlega sviðstengda nefnd að ræða skal sá viðsemjandi sem véfengir vísa málinu beint til sameiginlegu nefndarinnar. Verði samkomulag innan sameiginlegu sviðstengdu nefndarinnar eða, sé ekki um slíka nefnd að ræða, innan sameiginlegu nefndarinnar um að nema úr gildi tímabundið tilnefningu samræmismatsstofunnar skal það gert;
- d) ákveði sameiginlega sviðstengda nefndin eða sameiginlega nefndin að nauðsynlegt sé að sannprófa tæknilega hæfni samræmismatsstofu eða það að hún fullnægi settum kröfum skal sá samningsaðili, þar sem hlutaðeigandi stofa er staðsett, að öllu jöfnu gera það tímanlega, en réttlæti aðstæður slíkt er heimilt að samningsaðilarnir framkvæmi slíka sannpröfun sameiginlega;
- e) hafi sameiginlega sviðstengda nefndin ekki fundið lausn á málinu innan 10 daga frá því að tilkynnt er um véfengingu ber að vísa því til sameiginlegu nefndarinnar til úrlausnar. Ef ekki er um sameiginlega sviðstengda nefnd að ræða skal vísa málinu beint til sameiginlegu nefndarinnar. Hafi sameiginlega nefndin ekki komist að niðurstöðu innan 10 daga frá því að málinu er vísað til hennar skal nema úr gildi tímabundið tilnefningu samræmismatsstofunnar að beiðni þess viðsemjanda sem véfengir;
- f) eftir að tilnefning samræmismatsstofu, sem er skráð í sviðstengdan viðauka, hefur verið numin úr gildi tímabundið er viðsemjandanum, sem véfengdi, ekki lengur skylt að samþykkja eða viðurkenna niðurstöður samræmismats sem hún gerir eftir slíka ógildingunni. Hann skal þó áfram samþykkja niðurstöður samræmismats, sem fyrrnefnd samræmismatsstofa gerði áður en til tímabundinnar ógildingar kom, nema stjórnarsýslustofnun fyrrnefnds viðsemjanda ákveði annað á grundvelli heilbrigðis-, öryggis- eða umhverfissjónarmiða eða þess að aðrar kröfur, innan þess sviðs sem viðeigandi sviðstengdur viðauki nær yfir, hafi ekki verið uppfylltar; og

- g) hin tímabundna ógilding skal standa uns samkomulag hefur náðst innan sameiginlegu nefndarinnar um framtíðarstöðu fyrrnefndrar samræmismatsstofu.

9. gr.

Tilnefning skráðra samræmismatsstofa afturkölluð.

Eftirfarandi verklagsreglur gilda um brottfellingu samræmismatsstofu úr sviðstengdum viðauka:

- a) Viðsemjandi sem gerir tillögu um að tilnefning samræmismatsstofu, sem er skráð í sviðstengdum viðauka, verði afturkölluð, skal senda hinum viðsemjandanum skriflega tillögu þess efnis;
- b) samningsaðilinn, sem á landsvæði þar sem hlutaðeigandi samræmismatsstofa er staðsett, skal gera henni viðvart án tafar og skal henni veittur a.m.k. 30 daga frestur til þess að hrekja véfenginguna eða laga annmarka sem eru forsenda þeirrar brottfellingar sem tillaga er gerð um;
- c) hinn viðsemjandinn skal, innan 60 daga frá því að tillögunni var veitt viðtaka, láta afstöðu sína í ljós varðandi samþykki sitt eða andstöðu sína. Brottfelling samræmismatsstofunnar úr skránni í sviðstengda viðaukanum skal taka gildi að fram kominni staðfestingu í formi ákvörðunar sameiginlegu nefndarinnar;
- d) andmæli hinn viðsemjandinn tillögu um brottfellingu með því að verja tæknilega hæfni samræmismatsstofu sinnar eða það að hún fullnægi settum kröfum skal eigi fella hana brott úr skránni um samræmismatsstofur í viðeigandi sviðstengdum viðauka að svo komnu máli. Ef þannig háttar getur sameiginlega sviðstengda nefndin eða sameiginlega nefndin ákveðið að fram fari sameiginleg sannprófun á hlutaðeigandi stofu. Heimilt er að senda hinum viðsemjandanum á ný tillöguna um brottfellingu samræmismatsstofunnar að aflokinni slíki sannprófun; og
- e) viðsemjandinn sem véfengir skal, eftir að samræmismatsstofa, sem er skráð í sviðstengdan viðauka, hefur verið felld brott, áfram samþykkja niðurstöður samræmismats, sem fyrrnefnd samræmismatsstofa gerði áður en til brottfellingar kom, nema stjórnslustofnun fyrrnefnds viðsemjanda ákveði annað á grundvelli heilbrigðis-, öryggis- eða umhverfissjónarmiða eða þess að aðrar kröfur, innan þess sviðs sem viðeigandi sviðstengdur viðauki nær yfir, hafi ekki verið uppfylltar.

10. gr.

Eftirlit með samræmismatsstofum.

Eftirfarandi gildir um eftirlit með samræmismatsstofum sem eru skráðar í sviðstengdum viðauka:

- a) Tilnefningaryfirvöld skulu ganga úr skugga um að samræmismatsstofur þeirra, sem eru skráðar í sviðstengdum viðauka, hafi og muni áfram hafa getu til að meta á réttan hátt samræmi vara eða aðferða, eftir því sem við á, og eins og fram kemur í viðeigandi sviðstengdum viðauka. Tilnefningaryfirvöld skulu, með tilliti til þessa, viðhalda viðvarandi eftirliti með samræmismatsstofum sínum, eða sjá til þess að það sé gert, með reglubundnum úttektum eða mati;
- b) viðsemjendurnir tveir skuldbinda sig til þess að bera saman aðferðir sem er beitt í því skyni að sannreyna að samræmismatsstofurnar, sem eru skráðar í sviðstengdu viðaukunum, uppfylli viðeigandi kröfur í sviðstengdu viðaukunum. Heimilt er að nota gildandi fyrirkomulag við mat á samræmismatsstofum sem hluta slíks samanburðar;
- c) Tilnefningaryfirvöld skulu hafa nauðsynlegt samráð við önnur samsvarandi yfirvöld í því skyni að viðhalda tiltrú á samræmismatsaðferðum. Slíkt samráð getur, með samþykki hvers hlutaðeigandi samningsaðila, verið fólgið í sameiginlegri þátttöku í úttektum/skoðunum sem tengjast starfsemi á sviði samræmismats eða annars konar mati á samræmismatsstofum sem eru skráðar í sviðstengdum viðauka; og
- d) Tilnefningaryfirvöld skulu hafa samráð, eftir því sem nauðsyn krefur, við hlutaðeigandi stjórnslustofnanir hins viðsemjandans í því skyni að tryggja að höfð sé hliðsjón af öllum tæknikröfum og þær teknar fyrir með viðhlítandi hætti.

11. gr.

Samræmismatsstofur.

Bandaríkin og EFTA-ríkin innan EES viðurkenna að samræmismatsstofurnar, sem eru skráðar í sviðstengdu viðaukunum, fullnægi skilyrðum um hæfi til að meta samræmi með hliðsjón af kröfum hvers um sig, eins og tilgreint er í sviðstengdu viðaukunum, og þau skulu tilgreina gildissvið þess samræmismats sem slíkar stofur eru skráðar til að framkvæma.

12. gr.

Gagnkvæm upplýsingaskipti.

1. Viðsemjendurnir tveir skulu skiptast á upplýsingum um framkvæmd laga-, reglugerða- og stjórnáslufyrirmælanna sem tilgreind eru í sviðstengdu viðaukunum.
2. Hvor viðsemjandi um sig skal tilkynna hinum um breytingar á laga-, reglugerða- og stjórnáslufyrirmælum, sem tengjast viðfangsefni samnings þessa, minnst 60 dögum áður en þær öðlast gildi. Ef öryggis-, heilbrigðis- eða umhverfisverndarsjónarmið kalla á brýnni aðgerðir skal annar viðsemjandinn tilkynna hinum um það eins fljótt og frekast er unnt.
3. Hvor viðsemjandi um sig skal tilkynna hinum þegar í stað um allar breytingar á tilnefningaryfirvöldum sínum og/eða samræmismatsstofum.
4. Viðsemjendurnir tveir skulu skiptast á upplýsingum um þær verklagsreglur sem er beitt til þess að tryggja að skráðar samræmismatsstofur á þeirra vegum fari að þeim laga-, reglugerða- og stjórnáslufyrirmælum sem er lýst í sviðstengdu viðaukunum.
5. Stjórnáslustofnanir, sem eru tilgreindar í sviðstengdu viðaukunum, skulu hafa nauðsynlegt samráð við aðrar samsvarandi stofnanir í því skyni að viðhalda tiltrú á samræmismatsaðferðum og til þess að tryggja að höfð sé hliðsjón af öllum tækniröfum og þær teknar fyrir með viðhlítandi hætti.

13. gr.

Sviðstengdir tengiliðir.

Hver samningsaðili um sig skal tilnefna og segja skriflega deili á þeim tengiliðum sem skulu ábyrgir fyrir starfsemi er fellur undir sérhvern sviðstengdan viðauka.

14. gr.

Sameiginleg nefnd samningsaðila.

1. Samningsaðilarnir koma hér með á fót sameiginlegri nefnd sem er skipuð fulltrúum hvers samningsaðila. Sameiginlega nefndin ber ábyrgð á skilvirkri framkvæmd samningsins.
2. Sameiginlega nefndin getur stofnað sameiginlegar sviðstengdar nefndir skipaðar fulltrúum hlutaðeigandi stjórnáslustofnana og annarra sem nauðsynlegir eru taldir.
3. Hvor viðsemjandi um sig skal fara með eitt atkvæði í sameiginlegu nefndinni. Ákvarðanir sameiginlegu nefndarinnar skulu teknar með samhljóða samþykki. Sameiginlega nefndin skal setja sér starfsreglur.
4. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að fjalla um hvert það mál er tengist skilvirkri framkvæmd samnings þessa. Hún skal einkum bera ábyrgð á eftirfarandi:
 - a) að skrá samræmismatsstofur, nema úr gildi tímabundið eða afturkalla tilnefningu þeirra og sannprófa slíkar stofur í samræmi við þennan samning;
 - b) að breyta aðlögunarfyrirkomulagi í sviðstengdum viðaukum;
 - c) að leysa öll vafamál sem tengjast beitingu ákvæða samnings þessa og sviðstengdum viðaukum við hann og ekki finnst lausn á með öðrum hætti innan hlutaðeigandi sameiginlegra sviðstengdra nefnda;
 - d) að skapa vettvang þar sem unnt er að ræða mál sem kunna að koma upp í tengslum við framkvæmd samnings þessa;
 - e) að fjalla um leiðir til að efla rekstur samnings þessa;
 - f) að samræma samningaviðræður um sviðstengda viðbótarviðauka; og
 - g) að fjalla um það hvort breyta skuli samningi þessum eða sviðstengdum viðaukum við hann í samræmi við 21. gr.

5. Samningsaðilarnir skulu, leggi annar hvor viðsemjenda fram tillögur að nýjum samræmismatsaðferðum eða viðbótarsamræmismatsaðferðum sem snerta sviðstengdan viðauka, ræða málið innan sameiginlegu nefndarinnar í því augnamiði að fella slíkar nýjar samræmismatsaðferðir eða viðbótarsamræmismatsaðferðir undir gildissvið samnings þessa og viðeigandi sviðstengdra viðauka.

15. gr.

Viðvarandi valdsvið stjórnsýslustofnana.

1. Eigi skal líta svo á að nokkuð í samningi þessum takmarki vald samningsaðila til þess að ákveða, með ráðstöfunum á sviði lagasetningar og stjórnsýslu, það verndarstig sem hann telur hæfilegt vegna öryggis, til að vernda líf og heilbrigði manna, dýra eða plantna, vegna umhverfisins og neytenda og á annan hátt með tilliti til áhættu, innan þess sviðs sem viðeigandi sviðstengdur viðauki nær yfir.
2. Eigi skal líta svo á að nokkuð í samningi þessum takmarki vald stjórnsýslustofnunar til þess að grípa til viðeigandi og tafarlausra ráðstafana hvenær sem hún fær fullvissu um að tiltekin vara kunni: a) að stofna heilbrigði eða öryggi manna á landsvæði hennar í hættu, b) að vera í ósamræmi við laga-, reglugerða- og stjórnsýsluákvæði viðeigandi sviðstengds viðauka eða c) ekki að uppfylla með öðrum hætti kröfu sem er gerð samkvæmt viðeigandi sviðstengdum viðauka. Fyrirnefndar ráðstafanir geta m.a. falist í því að taka vörurnar af markaði, banna markaðssetningu þeirra, takmarka frjálsan flutning þeirra, hefja innköllun vöru og koma í veg fyrir að slíkur vandi komi upp aftur, meðal annars með innflutningsbanni. Grípi stjórnsýslustofnun til slíkra aðgerða skal hún tilkynna annarri samsvarandi stofnun eða stofnunum og hinum viðsemjandanum um það innan fimmtán daga frá því að til þeirra er gripið og greina frá ástæðum þess.

16. gr.

Skuldum er lúta að viðurkenningu skotið á frest.

Hvor viðsemjandi sem er getur skotið skyldum sínum samkvæmt tilteknum sviðstengdum viðauka á frest, að öllu leyti eða hluta, ef:

- a) hann missir markaðsaðgang fyrir vörur sínar, sem falla undir gildissvið sviðstengda viðaukans, vegna þess að hinn viðsemjandinn uppfyllir ekki skyldur sínar samkvæmt samningnum;
- b) samþykkt nýrra samræmismatsaðferða eða viðbótarsamræmismatsaðferða af hálfu hins viðsemjandans, eins og um getur í 5. mgr. 14. gr., hefur þær afleiðingar að hann missir markaðsaðgang fyrir vörur sínar, sem falla undir gildissvið sviðstengda viðaukans, vegna þess að hinn viðsemjandinn hefur ekki viðurkennt samræmismatsstofur sem sá fyrirnefndi hefur tilnefnt í því skyni að uppfylla fyrirnefndar kröfur; eða
- c) hinn viðsemjandinn viðheldur ekki rekstri laga- og stjórnsýslustofnana sem hafa getu til að hrinda ákvæðum samnings þessa í framkvæmd.

17. gr.

Trúnaðarskylda.

1. Hver samningsaðili skal viðhalda trúnaði um upplýsingar, sem skipst er á samkvæmt samningi þessum, að því marki sem landslög hans leyfa.
2. Samningsaðili skal einkanlega ekki opinbera, eða heimila samræmismatsstofu að opinbera, upplýsingar sem skipst er á samkvæmt samningi þessum og eru viðskiptaleyndarmál, trúnaðarupplýsingar um viðskipti eða fjármál eða upplýsingar um yfirstandandi rannsókn.
3. Samningsaðila eða samræmismatsstofu er heimilt, jafnhliða því að skipst er á upplýsingum við hinn viðsemjandann eða samræmismatsstofu, að tiltaka þann hluta upplýsinganna sem hann eða hún telur að eigi skuli birta.

Hver samningsaðili um sig skal gera allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir, sem eðlilegar mega teljast, í því skyni að koma í veg fyrir óleyfilega birtingu upplýsinga sem skipst er á samkvæmt samningi þessum.

18. gr.
Gjöld.

Hver samningsaðili skal gera sér far um að tryggja að álögð gjöld fyrir þjónustu samkvæmt samningi þessum séu í réttu hlutfalli við þá þjónustu sem er veitt. Hver samningsaðili um sig skal tryggja, að því er varðar svið og samræmismatsaðferðir sem samningur þessi fjallar um, að engin gjöld séu lögð á í hans nafni fyrir samræmismatsþjónustu sem hinn viðsemjandinn lætur í té.

19. gr.
Samningar við önnur lönd.

Skuldbindingar samkvæmt gagnkvæmum samningum um viðurkenningu, sem samningsaðili hefur gert við aðila sem hefur ekki undirritað samning þennan (þriðja aðila), hafa ekki gildi eða áhrif með tilliti til hins viðsemjandans, að því er varðar samþykki niðurstaðna samræmismats hjá þriðja aðilanum, nema samningsaðilarnir geri með sér skriflegan samning þar um.

20. gr.
Svæðisbundið gildissvið.

Samningur þessi gildir annars vegar á landsvæðum EFTA-ríkjanna innan EES og hins vegar á landsvæði Bandaríkjanna.

21. gr.
Gildistaka, breytingar, úrsögn og uppsögn.

1. Samningur þessi, þar með taldir sviðstengdir viðaukar við hann um fjarskiptabúnað, rafsegulsviðssamhæfi og skemmtibáta, öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir þann dag er vörsluaðili hefur veitt tilkynningum frá öllum samningsaðilum viðtöku er staðfesti að lokið sé málsmeðferð hjá hverjum um sig vegna gildistöku samnings þessa.
2. Samningsaðilunum er heimilt að breyta samningi þessu, að sviðstengdu viðaukunum meðtöldum, með undirritaðri skriflegri ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar. Samningsaðilunum er heimilt að bæta sviðstengdum viðauka við samning þennan með því að tilkynna vörsluaðilanum um að þeir samþykki sviðstengdan viðbótarviðauka sem tillaga liggur fyrir um. Slíkur viðauki öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir þann dag er vörsluaðili hefur veitt tilkynningum frá öllum samningsaðilum viðtöku er staðfesti að lokið sé málsmeðferð hjá hverjum um sig vegna gildistöku fyrrnefnds viðauka.
3. Hverjum samningsaðila er heimilt að segja sig úr samningi þessum í heild eða hvaða einstökum sviðstengdum viðauka við hann sem er með því að tilkynna hinum samningsaðilunum skriflega um það með sex mánaða fyrirvara. Rífti EFTA-ríki innan EES samningi þessum eða einum sviðstengdum viðauka eða fleiri munu samningsaðilarnir, sem eftir eru, leitast við að breyta samningi þessum í samræmi við verklagsreglur þessarar greinar. Ef samningsaðilarnir, sem eftir eru, eru ófærir um að ná samkomulagi um að breyta samningnum eða sviðstengdum viðauka skal samningurinn eða sviðstengdi viðaukinn úr gildi falla sex mánuðum eftir tilkynningardag.
4. Samningsaðili skal, eftir að samningnum hefur verið sagt upp í heild eða einstökum sviðstengdum viðauka við hann, áfram samþykkja niðurstöður samræmis- mats, sem samræmis- matsstofur gerðu samkvæmt samningi þessum áður en honum var sagt upp, nema stjórn- sýslustofnun fyrrnefnds samningsaðila ákveði annað á grundvelli heilbrigðis-, öryggis- eða umhverfissjónarmiða eða þess að aðrar kröfur, innan þess sviðs sem viðeigandi sviðstengdur viðauki nær yfir, hafi ekki verið uppfylltar.

22. gr.
Vörsluaðili.

Ríkisstjórn konungsríkisins Noregs skal, sem vörsluaðili, tilkynna öllum samningsaðilum um að allir samningsaðilar hafi lokið málsmeðferð hjá sér vegna gildistöku samnings þessa eða nýs sviðstengds viðauka.

23. gr.

Lokaákvæði.

1. Sviðstengdu viðaukarnir, sem um getur í 1. mgr. 21. gr., og hver nýr sviðstengdur viðauki, sem er bætt við skv. 2. mgr. 21. gr., eru óaðskiljanlegur hluti samnings þessa.
2. Ákvæði viðeigandi sviðstengdra viðauka skulu hafa forgang, að því er tiltekna vöru varðar eða svið, og ákvæði þessa texta gilda þeim ákvæðum til viðbótar. Ef ósamræmi ríkir milli ákvæða sviðstengds viðauka og þessa texta skal sviðstengdi viðaukinn ganga framar að því er fyrirnefnt ósamræmi varðar.
3. Ákvæði samnings þessa hafa ekki áhrif á réttindi og skyldur samningsaðilanna samkvæmt öðrum milliríkjasamningum.

Samningur þessi er, ásamt sviðstengdu viðaukunum, gerður í fjórum frumritum á ensku.

Gjört í Washington, 17. október 2005.

Fyrir Lýðveldið Ísland
Helgi Ágústsson

Fyrir Bandaríki Norður-Ameríku
Rob Portman

Fyrir furstadæmið Liechtenstein
Claudia Fritsche

Fyrir konungsríkið Noreg
Knut Vollebæk

VIÐAUKI
við samning um gagnkvæma viðurkenningu milli
Bandaríkjanna og EFTA-ríkjanna innan EES um fjarskiptabúnað.

SAMNINGUR
UM GAGNKVÆMA VIÐURKENNINGU MILLI
EFTA-RÍKJANNA INNAN EES OG BANDARÍKJANNA

SVIÐSTENGDUR VIÐAUKI
UM FJARSKIPTABÚNAÐ

FORMÁLSORÐ

Viðauki þessi er sviðstengdur viðauki við samninginn um gagnkvæma viðurkenningu milli Bandaríkja Norður-Ameríku og EFTA-ríkjanna innan EES.

I. ÞÁTTUR
LAGA- OG STJÓRNSÝSLUFYRIRMÆLI

EFTA-ríkin innan EES

Bandaríkin

Liður 4zg í XVIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra.

Lög um fjarskipti frá 1934, með áorðnum breytingum samkvæmt fjarskiptalögunum frá 1996, (47. bálkur lagasafns Bandaríkjanna);

Bandarísk stjórnsluákvæði um fjarskiptabúnað, m.a. 68. hluti 47. bálks safns alríkisreglugerða (CFR) ásamt túlkun eftirlitsnefndar alríkisfjarskipta (FCC);

(Samningsaðilar viðurkenna að í umsóknarleiðbeiningum með eyðublaði FCC nr. 730 er að finna gagnlegar ábendingar um framkvæmd samræmismats endabúnaðar til fjarskipta sem fellur undir fyrrnefndar reglugerðir);

Bandarísk stjórnsluákvæði um öll fjarskiptasenditæki sem eru leyfisskyld.

Almenna skrá um reglugerðir FCC er að finna í II. þætti;

Við er til sviðstengds viðauka við samning þennan um rafsegulviðssamhæfi viðvíkjandi þáttum er varða rafsegulviðssamhæfi.

II. ÞÁTTUR
GILDISSVIÐ OG UMFANG

1. Þessi sviðstengdi viðauki gildir um tækjabúnað, skilfleti og þjónustu sem heyra undir I. þátt. Almenn gilda ákvæði þessa sviðstengda viðauka um eftirtaldir gerðir endabúnaðar til fjarskipta, gervihnattaendabúnaðar, fjarskiptasenda og upplýsingatæknibúnaðar:

- a) tækjabúnað, sem tengja á almenna fjarskiptanetinu í því skyni að senda, vinna úr eða taka við upplýsingum, hvort sem til stendur að tengja tækjabúnaðinn beint við „tengi“ netsins eða millivirki með slíku neti, þar sem tækjabúnaðurinn er tengdur tengipunktinum beint eða óbeint. Tengikerfið getur verið myndað af þræði, útvarpsbylgjum, ljósbylgjum eða verið af öðrum rafsegulfræðilegum toga;

- b) tækjabúnað, sem unnt er að tengja almennu fjarskiptaneti jafnvel þó hann sé ekki ætlaður til þess, t.d. upplýsingatækniþúnað með fjarskiptatengibúnaði; og
- c) alla fjarskiptasenda sem eru leyfisskyldir samkvæmt reglum hvers sammingsaðila um sig.
2. Hér fer á eftir almenn skrá um tækjabúnað, skilfleti og þjónustu sem falla undir gildissvið þessa sviðstengda viðauka:

GILDISSVIÐ OG UMFANG

EFTA-ríkin innan EES	Bandaríkin
Aðgangur Bandaríkjanna að mörkuðum EFTA-ríkjanna innan EES.	Aðgangur EFTA-ríkjanna innan EES að bandarískum markaði.
Eftirfarandi tækjaflokkar falla hér undir:	Tækjaflokkar sem falla undir gildissvið 68. hluta 47. bóls safns alríkisreglugerða (CFR):
ISDN-grunnhraðatenging (BRA)	ISDN-grunntenging
ISDN-frumtenging (PRA)	ISDN-frumtenging (PRA)
ISDN-talsímakerfi	Tenging við stafræna þjónustu:
X.21/V.24/V.35-tenging	2,4 kbps
X.25-tenging	3,2 kbps (2,4 kbps með aukarás (Secondary Channel))
Almenna talsímakerfið (PSTN)	4,8 kbps
án tals	6,4 kbps (4,8 kbps með aukarás)
Taltíðnisvið almenna símakerfisins (hliðrænt)	9,6 kbps
Gerðir endabúnaðar fyrir ONP-leigulínu:	12,8 kbps (9,6 kbps með aukarás)
-64 kbits/sek	19,2 kbps
-2048 kbit/s óskipulegur	25,0 kbps (19,2 kbps með aukarás)
-2048 kbit/s skipulegur	56,0 kbps
-34 Mbit/s tenging	64,0 kbps (notar 72 kbps rás)
-140 Mbit/s tenging	72,0 kbps (56,0 kbps með aukarás)
-2-þráða hliðrænn	1,544 Mbps
-4-þráða hliðrænn	2-þráða hliðrænar tengilínur/ops
Leyfisskyldir fjarskiptasendar, m.a.:	4-þráða hliðrænar tengilínur/ops
(Skrá í undirbúningi)	Tenging við taltíðnisvið almenna símakerfisins (hliðrænt)
Tækjabúnaður skráður í tilskipun 1999/5: http://europa.eu.int/comm/enterprise/rtte/listeq.htm	Tenging við einkalínu (hliðræna)
	Leyfisskyldir fjarskiptasendar, m.a.:
	fyrir farútvarp í atvinnuskyni (20. hluti)
	til almennra heimilisnota, fastir (21. hluti)
	til heimilisnota, hreyfanlegir (22. hluti)
	fyrir einkafjarskiptaþjónustu (24. hluti)
	fyrir fjarskipti um gervihnött (25. hluti)
	fyrir útsendingar (73. hluti)
	fyrir hliðarútsendingar (74. hluti)
	fyrir kapalsjónvarpsútsendingu (78. hluti)
	til sjóferða (80. hluti)
	fyrir alþjóðlegt neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS) (80. hluti W)
	hreyfanlegir á landi til einkanota (90. hluti)
	fastir örbylgjuþjónustasendar til einkanota (94. hluti)
	fyrir einkafjarskiptaþjónustu (95. hluti)
	fyrir gagnvirka og myndræna gagnaflytninguþjónusta (IVDS) (95. hluti F)
	fyrir fjarskipti fjarskipta-áhugamanna (97. hluti)
	fyrir hátíðniþúnað (15. hluti)
	fyrir þjónustu sem tengist föstum örbylgjuþjónustasendum (101. hluti)

ATH.: Skrá um skammstafanir, ásamt skýringum, er að finna í 1. viðbæti við þennan sviðstengda viðauka.

III. ÞÁTTUR AÐFERÐIR VIÐ SAMRÆMISMAT FJARSKIPTABÚNAÐAR

1. Lýsing á skyldum er lúta að gagnkvæmri viðurkenningu.
Stjórnsýslustofnanir viðsemjanda skulu, í samræmi við ákvæði samningsins, viðurkenna niðurstöður samræmismats, sem samræmismatsstofur samningsaðila hins viðsemjandans, sem eru skráðar í V. þætti, leggja fram, án þess að frekara samræmismat fari fram vegna varanna skv. I. þætti.
2. Aðferðir við samræmismat.
Hvor viðsemjandi viðurkennir, að teknu tilliti til þeirra laga- og stjórnsýslufyrirmæla sem um getur í I. þætti, að samræmismatsstofur hins viðsemjandans, sem eru skráðar í V. þætti, hafi heimild til þess að framkvæma eftirfarandi með tilliti til þeirra tæknikrafna sem samningsaðili, sem er innflytjandi, setur fram vegna endabúnaðar til fjarskipta, gervihnattaendabúnaðar, fjarskiptasenda eða upplýsingatæknibúnaðar:
 - a) prófa og gefa út prófunarskýrslur;
 - b) gefa út vottorð um að vörur, sem heyra undir þennan sviðstengda viðauka, séu í samræmi við ákvæði gildandi laga og reglugerða á landsvæðum samningsaðilanna; og
 - c) staðfesta, í samræmi við tilskipun ráðsins 1999/5/EB (4. liður XVIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn), að gæði séu tryggð;
 - d) mæla fyrir um prófanir á fjarskiptabúnaði sem skulu fara fram skv. III. og IV. viðauka við tilskipun 1999/5/EB (4. liður XVIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn);
 - e) skila álitum á tækniskjali skv. IV. viðauka við tilskipun 1999/5/EB (4. liður XVIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn).

IV. ÞÁTTUR YFIRVÖLD SEM ANNAST TILNEFNINGU SAMRÆMISMATSSTOFA SEM ERU SKRÁÐAR Í V. ÞÆTTI

<p>EFTA-ríkin innan EES</p> <p>Ísland: Samgönguráðuneytið Liechtenstein: Ríkisstjórn Liechtenstein¹¹ Noregur: Ráðuneyti flutninga- og samgöngumála</p>	<p>Bandaríkin</p> <p>Staðla- og tæknistofnun Bandaríkjanna (NIST)</p>
---	---

YFIRVÖLD SEM ANNAST VIÐURKENNINGU SAMRÆMISMATSSTOFA SEM ERU SKRÁÐAR Í V. ÞÆTTI

<p>EFTA-ríkin innan EES</p> <p>Ísland: Póst- og fjarskiptastofnun Liechtenstein: Þjóðhagsstofnun Noregur: Póst- og fjarskiptastofnun Noregs</p>	<p>Bandaríkin</p> <p>Eftirlitsnefnd alríkisfjarskipta (FCC)</p>
---	---

V. ÞÁTTUR SAMRÆMISMATSSTOFUR

EFTA-ríkin innan EES

Aðgangur EFTA-ríkjanna innan EES að bandarískum markaði.

Yfirvöld, er um getur í IV. þætti, tilnefna samræmismatsstofur, staðsettar í EFTA-ríkjunum innan EES, í samræmi við þær verklagsreglur sem eru settar fram í VI. þætti þessa viðauka.

(Skrá verður lögð fram af hálfu EFTA-ríkjanna innan EES)

Bandaríkin

Aðgangur Bandaríkjanna að mörkuðum EFTA-ríkjanna innan EES.

Yfirvöld, er um getur í IV. þætti, tilnefna samræmismatsstofur, staðsettar í Bandaríkjunum, í samræmi við þær verklagsreglur sem eru settar fram í VI. þætti þessa viðauka.

(Skrá verður lögð fram af hálfu Bandaríkjanna)

VI. ÞÁTTUR AÐ TILNEFNA OG SKRÁ SAMRÆMISMATSSTOFUR, SEM ERU SKRÁÐAR Í V. ÞÆTTI, NEMA ÚR GILDI TÍMABUNDIÐ EÐA AFTURKALLA TILNEFNINGU ÞEIRRA OG Hafa eftirlit með þeim

EFTA-ríkin innan EES

Aðgangur EFTA-ríkjanna innan EES að bandarískum markaði:

Yfirvöld í EFTA-ríkjunum innan EES, er um getur í IV. þætti, skulu tilnefna samræmismatsstofur, staðsettar í EFTA-ríkjunum innan EES, í samræmi við bandarísk laga- og stjórn-sýslufyrirmæli sem um getur í I. þætti og fjalla um tilnefningu samræmismatsstofa og hafa jafnframt hliðsjón af viðeigandi leiðbeiningum Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO) og/ eða Alþjóðaraftækninefndarinnar (IEC) (t.d. leiðbeiningum nr. 22, 25, 28, 58, 61, 62, 65, o.s.frv.) eða sambærilegum stöðlum úr EN-45000 staðlaröðinni.

Beita ber verklagsreglum við að tilnefna og skrá samræmismatsstofur, sem eru skráðar í V. þætti, nema úr gildi tímabundið eða afturkalla tilnefningu þeirra og hafa eftirlit með þeim í samræmi við ákvæði 7., 8., 9. og 10. gr. sammingsins.

Bandaríkin

Aðgangur Bandaríkjanna að mörkuðum EFTA-ríkjanna innan EES:

U.S. yfirvöld, er um getur í IV. þætti, skulu tilnefna samræmismatsstofur, staðsettar í Bandaríkjunum, í samræmi við laga- og stjórn-sýslufyrirmæli EFTA-ríkjanna innan EES sem um getur í I. þætti og fjalla um tilnefningu samræmismatsstofa og hafa jafnframt hliðsjón af viðeigandi stöðlum úr EN-45000 staðlaröðinni eða sambærilegum leiðbeiningum Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO) og/ eða Alþjóðaraftækninefndarinnar (IEC) (t.d. leiðbeiningum nr. 22, 25, 28, 58, 61, 62, 65, o.s.frv.).

Beita ber verklagsreglum við að tilnefna og skrá samræmismatsstofur, sem eru skráðar í V. þætti, nema úr gildi tímabundið eða afturkalla tilnefningu þeirra og hafa eftirlit með þeim í samræmi við ákvæði 7., 8., 9. og 10. gr. sammingsins.

VII. ÞÁTTUR VIÐBÓTARÁKVÆÐI

1. UNDIRVERKTAKASTARFSEMI

- 1.1. Geri samræmismatsstofur annars viðsemjandans samninga við undirverktaka skulu slíkir samningar vera í samræmi við ákvæði hins viðsemjandans um undirverktakastarfsemi. Skráð samræmismatsstofa ber fulla ábyrgð á endanlegum niðurstöðum samræmismats jafnvel þó hún nýti sér þjónustu undirverktaka. Í EFTA-ríkjunum innan EES eru fyrrnefnd ákvæði útskýrð í ákvörðun ráðsins 93/465/EBE (liður 3d í XIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn eins og hann er felldur inn með ákvörðun nr. 7/94).
- 1.2. Samræmismatsstofurnar skulu skrá og varðveita upplýsingar um athuganir sínar á hæfni undirverktaka sinna og það hvort þeir hlíti settum kröfum og halda skrá um alla undirverktöku. Fyrrnefndar upplýsingar skulu aðgengilegar hinum viðsemjandanum sé eftir þeim leitað.

2. EFTIRLIT AÐ LOKINNI MARKAÐSSETNINGU, LANDAMÆRAEFTIRLIT OG FLUTNINGUR INNAN LANDAMÆRA

- 2.1. Samningsaðilunum er heimilt, í því skyni að halda uppi eftirliti að lokinni markaðssetningu, að viðhalda gildandi ákvæðum um merkingu og númeragjöf. Úthlutun númera getur farið fram á landsvæði samningsaðilans sem er útflytjandi. Samningsaðilinn, sem er innflytjandi, mun úthluta númerunum. Fyrirkomulag númeragjafar og merkinga skal ekki hafa í för með sér viðbótarkröfur í skilningi þessa sviðstengda viðauka.
- 2.2. Ekkert í þessum sviðstengda viðauka hindrar samningsaðilana í því að fjarlægja vörur af markaði sem uppfylla ekki kröfur um samþykki í raun.
- 2.3. Ljúka ber landamæraeftirliti og athugunum á vörum, sem staðfest hefur verið með vottorði, áfestum merkimiða eða merkingu að séu í samræmi við kröfur samningsaðilans sem eru tilgreindar í I. þætti, eins fljótt og auðið er. Ljúka ber hvers konar eftirliti, sem tengist flutningi innan landsvæða samningsaðilanna, á þann hátt sem er ekki óhagstæðari en sú meðferð sem innlendar vörur hljóta.

3. SAMEIGINLEG SVIÐSTENGD NEFND

- 3.1. Hér með er komið á fót einni sameiginlegri sviðstengdri nefnd vegna þessa sviðstengda viðauka og sviðstengda viðaukans um rafsegulsviðssamhæfi. Sameiginlega sviðstengda nefndin skal starfa á aðlögunartímabilinu og eftir að aðlögunarfyrirkomulagið er á enda. Sameiginlega sviðstengda nefndin kemur saman eftir þörfum í því skyni að fjalla um tæknileg málefni og málefni á sviði samræmismats og tækniþekkingar sem tengjast þessum sviðstengda viðauka og sviðstengda viðaukanum um rafsegulsviðssamhæfi. Sameiginlega sviðstengda nefndin setur sér starfsreglur.
- 3.2. Sameiginlega sviðstengda nefndin er skipuð fulltrúum Bandaríkjanna og EFTA-ríkjanna innan EES á sviði fjarskipta og rafsegulsviðssamhæfis. Hverjum fulltrúa í sameiginlegu sviðstengdu nefndinni er heimilt að bjóða framleiðendum og öðrum aðilum að sitja fundi nefndarinnar eftir því sem þurfa þykir. Fulltrúar Bandaríkjanna fara með eitt atkvæði í sameiginlegu sviðstengdu nefndinni. Fulltrúar EFTA-ríkjanna innan EES fara með eitt atkvæði í sameiginlegu sviðstengdu nefndinni. Ákvarðanir sameiginlegu sviðstengdu nefndarinnar skulu teknar með samhljóða samþykki. Komi upp ágreiningur geta fulltrúar Bandaríkjanna eða EFTA-ríkjanna innan EES tekið málið upp í sameiginlegu nefndinni.
- 3.3. Sameiginlegu sviðstengdu nefndinni er heimilt að fjalla um hvert það mál er tengist skilvirkri framkvæmd þessa sviðstengda viðauka, m.a.:
 - a) að skapa vettvang þar sem unnt er að ræða mál og leysa vanda sem kann að koma upp í tengslum við framkvæmd þessa sviðstengda viðauka;
 - b) að þróa aðferðir sem tryggja að lög, reglugerðir, staðlar og samræmismatsaðferðir séu túlkuð með sama hætti;
 - c) að veita samningsaðilunum ráðgjöf um mál er varða þennan sviðstengda viðauka; og
 - d) að láta í té leiðbeiningar og, ef nauðsyn krefur, semja viðmiðunarreglur á aðlögunartímabilinu í því skyni að greiða fyrir því að ljúka megi því á árangursríkan hátt.

4. TENGILIÐIR

Hver samningsaðili um sig skal setja á stofn tengilið í því skyni að veita svör við öllum eðlilegum fyrirspurnum frá hinum viðsemjandanum um aðferðir, reglur og kærur samkvæmt þessum sviðstengda viðauka.

Tengiliðir EFTA-rikkanna innan EES:

Ísland:
Löggildingarstofa
Borgartúni 21
105 Reykjavík
Iceland
Sími: +354 510 1100
Bréfasími: +354 510 1101
www.ls.is

Liechtenstein:
Office of National Economy
Gerberweg 5
FL-9490 Vaduz
Liechtenstein
Sími: +423 236 68 71
Bréfasími: +423 236 68 89
www.avw.llv.li

Noregur:
Norwegian Post and Telecommunications
Authority

Postboks 447 Sentrum
0104 Oslo
Norway
Sími: +47 22 82 46 00
Bréfasími: +47 22 82 46 40
www.npt.no

Tengiliður í Bandaríkjunum:

Federal Communications Commission (FCC)
7435 Oakland Mills Road
Columbia, MD 21046
Sími: 301-362-3000
Bréfasími: 301-362-3290
www.fcc.gov

5. BREYTINGAR Á REGLUM OG UPPFÆRSLA SVIÐSTENGDA VIÐAUKANS

Verði gerðar breytingar á laga- og stjórnýsluákvæðum, sem um getur í 1. þætti, eða verði ný laga- og stjórnýsluákvæði sett, sem hafa áhrif á samræmismatsaðferðir samningsaðila samkvæmt samningnum, taka slíkar breytingar gildi, að því er þennan sviðstengda viðauka varðar, samtímis því að þær taka gildi innanlands á landsvæði fyrrnefnds samningsaðila. Samningsaðilarnir skulu uppfæra þennan sviðstengda viðauka þannig að hann endurspegli breytingarnar.

VIII. ÞÁTTUR AÐLÖGUNARFYRIRKOMULAG

1. Aðlögunartímabil skal vera einn mánuður.
2. Með aðlögunarfyrirkomulaginu er ætlunin að skapa hvorum viðsemjanda skilyrði til þess að öðlast tiltrú og skilning á aðferðum hins viðsemjandans við að tilnefna og skrá samræmismatsstofur og tiltrú á getu þessara stofa til þess að prófa og votta vörur. Farsæl endalok aðlögunarfyrirkomulagsins ættu að leiða til þeirrar niðurstöðu að samræmismatsstofur, sem eru skráðar í V. þætti, standist gildandi viðmiðanir og séu hæfar til þess að annast samræmismat fyrir hönd þess samningsaðila sem er innflytjandi. Eftir lok aðlögunartímabilsins skal annar viðsemjandinn samþykkja niðurstöður samræmismats sem samræmismatsstofur hins viðsemjandans, sem eru skráðar í V. þætti, gera.
3. Báðir viðsemjendur skulu á aðlögunartímabilinu:
 - a) íhuga nýjar breytingar á löggjöf sem eru nauðsynlegar til þess að markmiðum samningsins verði náð;

- b) hefja vinnu við að gera nauðsynlegar reglugerðabreytingar til þess að markmiðum samningsins verði náð;
 - c) skiptast á upplýsingum um og auka skilning á ákvæðum laga og reglna hvors um sig;
 - d) þróa aðferðir, sem gagnkvæmt samkomulag er um, til að skiptast á upplýsingum um breytingar á tækniröfum eða aðferðum við að tilnefna samræmismatsstofur; og
 - e) fylgjast með og meta frammistöðu skráðra samræmismatsstofa á aðlögunartímabilinu.
4. Samningsaðilum er heimilt að tilnefna samræmismatsstofur, skrá þær og nema úr gildi tíma-bundið eða afturkalla tilnefningu þeirra samkvæmt verklagsreglunum í VI. þætti þessa sviðstengda viðauka.
5. Á aðlögunartímabilinu skal hver samningsaðili samþykka og leggja mat á prófunarskýrslurnar og skjöl þeim tengd sem tilnefndar samræmismatsstofur hins viðsemjandans hafa gefið út. Samningsaðilinn, sem er innflytjandi, skal í þessu skyni tryggja að:
- a) heilleiki tilskilinna skjala sé kannaður strax eftir viðtöku prófunarskýrslna, tengdra skjala og fyrsta samræmismats;
 - b) umsækjanda sé tilkynnt, ítarlega og fyllilega, um alla annmarka;
 - c) beiðnir um viðbótarupplýsingar séu takmarkaðar við það sem á vantar, ósamræmi eða frávik frá tæknireglugerðum eða stöðlum; og
 - d) aðferðir til þess að meta samræmi tækjabúnaðar, sem hefur verið breytt í kjölfar ákvörðunar um að samkvæmni sé fyrir hendi, einskorðist við aðferðir sem eru nauðsynlegar til þess að segja til um áframhaldandi samkvæmni;
6. Hver samningsaðili skuldbindur sig til þess að gefa út samþykki eða vottorð til handa umsækjanda eða veita honum ráðgjöf eigi síðar en sex vikum eftir að sá fyrrnefndi veitir prófunarskýrslu og matsgerð viðtöku frá tilnefndum samræmismatsstofum hins viðsemjandans.
7. Framkomnar tillögur á aðlögunartímabilinu eða í lok þess þess efnis að takmarka gildissvið viðurkenningar tilnefndrar samræmismatsstofu eða að útiloka hana frá skránni um stofur, sem eru tilnefndar samkvæmt þessum sviðstengda viðauka, skulu byggðar á hlutlægum viðmiðunum og vera skjalfestar. Stofa, sem þannig háttar til um, getur farið fram á að mál hennar verði endurskoðað eftir að nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta hafa verið gerðar. Samningsaðilarnir skulu ráðast í slíkar aðgerðir, að því marki sem unnt er, áður en aðlögunartímabilinu lýkur.

1. VIÐBÆTIR

SKRÁ UM SKAMMSTAFANIR ÁSAMT SKÝRINGUM

CAB	Conformity Assessment Body (samræmismatsstofa)
CFR	U.S. Code of Federal Regulations, Title 47 CFR (47. bólkur safns bandarískra alríkisreglugerða)
EEA	European Economic Area (Evrópska efnahagssvæðið)
EC	European Community (Evrópubandalagið)
EEC	European Economic Community (Efnahagsbandalag Evrópu)
EEA EFTA	European Economic Area - European Free Trade Association (Evrópska efnahagssvæðið - Fríverslunarsamtök Evrópu)
EN	Norme Européenne (European Standard) (Evrópustaðall)
EU	European Union (Evrópusambandið)
FCC	Federal Communications Commission (Eftirlitsnefnd alríkisfjarskipta)
IEC	International Electrotechnical Commission (Alþjóðaraftækninefndin)
ISDN	Integrated Services Digital Network (Stafræna, samþætta þjónustunetið)
ISO	International Organization for Standardization (Alþjóðlegu staðlasamtökin)
ITU	International Telecommunications Union (Alþjóðafjarskiptasambandið)
MRA	Mutual Recognition Agreement (samningur um gagnkvæma viðurkenningu)
NIST	National Institute of Standards and Technology (Staðla- og tæknistofnun Bandaríkjanna)
OJ	Official Journal (of the European Union) (Stjórnartíðindi Evrópusambandsins)
ONP	Open Network Provision (framboð á opnum aðgangi að netum)
PSTN	Public Switched Telephone Network (almenna simakerfið)
X21	ITU-T Recommendation X21 (ITU-T tilmæli X21)
X25	ITU-T Recommendation X25 (ITU-T tilmæli X25)

VIÐAUKI
við samning um gagnkvæma viðurkenningu milli Bandaríkjanna og
EFTA-ríkjanna innan EES um rafsegulsviðssamhæfi

SAMNINGUR
UM GAGNKVÆMA VIÐURKENNINGU MILLI
EFTA-RÍKJANNA INNAN EES
OG BANDARÍKJANNA
SVIÐSTENDUR VIÐAUKI
UM RAFSEGULSVIÐSSAMHÆFI (EMC)

FORMÁLSORÐ

Viðauki þessi er sviðstengdur viðauki við samninginn um gagnkvæma viðurkenningu milli Bandaríkjanna Norður-Ameríku og EFTA-ríkjanna innan EES.

I. ÞÁTTUR
LAGA- OG STJÓRNSÝSLUFYRIRMÆLI

EFTA-ríkin innan EES

EES-samningurinn, liðir 3c, 4 og 6 í X. kafla II. viðauka:

